

244. fundur - 13. janúar 2006

Fundurinn hófst kl. 15:05. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson. Rebekka Eiríksdóttir mætt í hans stað. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Á dagskrá er síðari umræða fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006.

Farið yfir gjaldskrá fyrir ýmsa þjónustu sveitarfélagsins. Um er að ræða leikskólagjöld, matarsölu í skólum og fleira. Ákveðið að hafa leikskólagjald óbreytt en hækka gjaldskrá að öðru leyti um 3%. Taki gildi 1. febrúar nk.

Farið yfir álagningu fasteignagjalda. Ákveðið að athuga betur hugsanlega breytingu á sorphirðugjöldum.

Egill lagði til að A-gjald fasteignagjalda lækkaði úr 0,5% í 0,45% og B-gjald fasteignagjalda lækkaði úr 1,65% í 1,50%. Samþykkt með 4 atkvæðum. Þórður sat hjá.

Rætt um hafnargjöld og vatnsgjöld. Fyrir fundinum lá tillaga Egils um breytingar á hafnargjöldum. Björk lýsti því yfir að hún teldi sig vanhæfa. Kosið var um það á fundinum og var því hafnað að Björk væri vanhæf. Tillaga Egils samþykkt með 4 atkvæðum. Björk sat hjá.

Enn fremur lá fyrir fundinum tillaga frá Agli um vatnsgjöld Þörungaverksmiðjunnar. Tillagan gerir ráð fyrir að aukavatnsgjald falli niður árið 2006. Veittur verði 50% afsláttur frá gildandi gjaldskrá árin 2007-2010 en frá og með árinu 2011 verði gert nýtt samkomulag sem gildi frá 1. janúar 2011 þar sem tekið verði tillit til heildarnotkunar verksmiðjunnar o.fl. Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum. Björk sat hjá.

Rætt um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega. Ákveðið að hafa óbreyttar reglur en tekjuviðmið breytist þannig að miðað verði við einstaklinga með árstekjur undir kr. 1.600.000,- og hjón með árstekjur undir kr. 2.000.000,-

Var nú byrjað að ræða um fjárhagsáætlunina.

Rebekka yfirgaf fundinn kl. 18:55

*Rebekka Eiríks (sign)*

Lauk vinnu við fjárhagsáætlunina kl. 19:30 og var hún samþykkt samhljóða.

Þá var tekið fyrir erindi frá starfsmönnum Barmahlíðar sem óska eftir styrk til menningarferðar til Akureyrar að sjá leikritið "Fullkomið brúðkaup." Samþykktur styrkur kr. 5.000,- pr. starfsmann.

Fleira ekki gert. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*

*Björk Bárðardóttir (sign)*

*Þórður Jónsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*